

# Leiðbeiningar um notkun efnis- og nafnaskráa handritasafnsins á vef

## I – Um handritaskrárnar

Lýsingar á handritum í skráum yfir handritasafn Landsbókasafns eru mótaðar eftir s.k. Wolfenbüttelhefð. Hvert handrit er með ákveðið safnmark sem flokkað er eftir safni, stærð og svo sjálfstæðu númeri ásamt lýsingu á efni, stærð, tilurð o.fl. eins og sést hér:

244. Lbs. 264, fol. 32<sup>a</sup> × 20<sup>s</sup>. 176 bl. Skr. á öndv. 19. öld. Auð  
bl. 77<sup>v</sup>, 100<sup>r</sup>, 137<sup>v-8</sup>.  
*Kvæðabók síra Sæmundar Hólms. Ehdr.*  
Ferll. Hdr. úr dænarbúi Páls Briems.

Hér er *Lbs.* tákn fyrir Landsbókasafn, *264* er númer og *fol.* er stærðartákn. Safnmark þessa handrits er því **Lbs. 264 fol.**

Önnur safnmörk og stærðir sem eru að finna í handritadeild Landsbókasafns eru:

- JS: Handritasafn Jóns Sigurðssonar (keypt til Landsbókasafns 1879)
- ÍB: Safn Hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn (keypt til Landsbókasafns 1901)
- ÍBR: Safn Hins íslenska bókmenntafélags í Reykjavík (keypt til Landsbókasafns 1901)

Stærri handrit eru flokkuð undir fol (folio), miðlungsstærð í 4to (quarto) og minni í 8vo (octavo).

Fyrir framan handritálýsinguna hér að ofan er raðnúmer handritsins, *244*. Í efnis - og nafnaskráum er einungis stuðst við raðnúmer en ekki safnmark.

Skrár yfir handritasafn Landsbókasafns kom út í nokkrum hlutum. Fyrst komu út aðalbindin á árunum 1918–1937 og svo sex aukabindi; 1947, 1959, 1970 og 1996. Aðalbindin hafa raðnúmer 1–8600. Aukabindin hafa sér raðnúmer sem eru auðkennd í efnis - og nafnalyklum með rómverskum tölustaf fyrir framan (t.d. *iii 545* þýðir handrit í þriðja aukabindi með raðnúmerinu 545).

## II – Nafnaskrá

Til að finna ofangreint handrit út frá nafnaskrá er einfaldlega flett upp á nafninu, t.d. Sæmundi Holm. Þar koma fram öll raðnúmer sem tengd eru honum, þar á meðal 244:

Sæmundur Magnússon Holm, prestur að Helgafelli, skáld.

152, **244**, 310, 311, 312, 488, 612, 1139, 1170, 1443, 1444, 1452, 1514,  
1527, 1576, 1668, 1773, 2022, 2551, 3000, 3191, 3324, 3466, 3548, 3957,  
4109, 4648, 4813, 4880, 4954, 5119, 5157, 5192, 5193, 5294, 5860, 5861,  
5872, 6019, 6033, 6054, 6099, 6109, 6237, 6479, 6583, 6982, 7351, 7649,  
8270, 8520

Stundum þarf að leita að einstökum orðum, t.d. „Sæmundi“ eða „Holm“ til öryggis. Þetta á sérstaklega við um menn með millinöfn eða ættarnöfn sem geta flækt orðaleitina.

### III – Efnisskrá

Efnisskrá er skipt í 23 kafla:

- I. Alfræði, bókfræði, bókmenntasaga
- II. Heimspeki.
- III. Guðfræði.
- IV. Goðafræði
- V. Stjórnfræði
- VI. Hagfræði.
- VII. Lögfræði
- VIII. Verzlun. Samgöngur
- IX. Þjóðtrú, alþýðleg fræði
- X. Málfræði.
- XI. Stærðfræði.
- XII. Stjarnfræði.
- XIII. Náttúruvísindi. Lækningar
- XIV. Atvinnugreinar.
- XV. Listir. Íþróttir.
- XVI. Kveðskapur.
- XVII. Rímur.
- XVIII. Leikrit.
- XIX. Skáldsögur.
- XX. Landfræði. Staðlýsing. Jarðir. Þjóðir.
- XXI. Sagnfræði.
- XXII. Mannfræði.
- XXIII. Sögur.

Til að finna fyrrnefnt handrit út frá efnisskrá þarf að fara í flokkinn *Kveðskapur* (flokkur XVI), farið í „Kvæðasöfn einstakra manna“ og flett upp á Sæmundi Holm, og þar kemur raðnúmerið fram (244):

Kvæðasafn o.fl. síra Sæmundar Magnúss. Holms.

**244**, 4813, 5860, 5861

## Leiðbeining við lyklana.

Tölurnar í lyklunum vísa til fremstu talna í handritaskránni, enda eru þær einungis settar til uppláttar vegna lykllanna.

Í *efniskránni* er að jafnaði ritunum raðað upp í stafrófsröð eftir fyrirsögnum, enda er nafnaskráin til leiðbeiningar um höfunda. Þó hefir í *lögfræði* orðið að skipa efni einnig eftir höfundum, með því að ritgerðir þar eru oft samnefndar eftir ýmsa höfunda, enda grautarlegar fyrirsagnir allvíða, og myndi hafa orðið erfitt að nota þá skrá með hinni skipaninni eingöngu. Í *heimspeki* hefir og til sparnaðar verið farin þessi leið um forna höfunda útlenda, sem mikið liggir eftir; svo er enn um útlenda höfunda sumstaðar í flokkum. — Um aðra flokka í efnisskrá skal þessa getið: Í handritálýsingunni sjálfri var yfirleitt sleppt upptalningu kvæða, til þess að spara rúm. Aftur hefir til uppbótar flokkriinn *kveðskapr* í efnisskránni að geyma nöfn kvæða, til hægðarauka notöndum og fyrirgreiðslu bókaorðum við eftirspurnir. Mun þar vera að finna einkum hin merkari kvæði frá síðari öldum. Vitanlega er þar ekki vísað í *kvæðasöfn* einstakra manna, enda eru kvæðasöfn talin sér eftir höfundum. Nafnaskráin getr og verið ýmsum til leiðbeiningar við leit kvæða. Full leiðbeining í þessu efni fæst auðvitað ekki, fyrr en samín er fullkomin spjaldskrá kvæðanna eftir upphöfum o. s. frv., og skyldi hún lögð fram í landsbókasafni til afnota. Sama þyrfti að gera um grafskriftir og erfiljóð. Enn fremr er nauðsynlegt að setja á spjaldskrá öll sendibréf í safninu. — Um *rimur* má kalla, að rinnatalið í efnisskránni sé gert frá stofni, enda handritin sjálf víða villandi, en þarflaust þó víðast að geta slíkra villna í *athugasemduin* og *lagfæringum*, og notöndum auðgert að fara eftir rinnatali þessu. Á sama hátt reynast og gömul rinnnatöl víða varasöm, og slíkt hið sama einnig svo kölluð fræðimannatöl eða rit-höfundatöl, bæði í þessu efni og öðru. Hitt má vera, að takast megi smám saman í þessari grein að finna höfunda að fácinum rimum eða rimnaflokkum, sem ekki hefir þókt vissa um eða öruggt að greina.

Í *nafnaskránni* sér víða teiknið sk. (= skáld) aftan við nöfnin, og táknar það einungis, að til sé í handritunum kveðskapr eftir þessa menn, enda þetta teikn

að jafnaði sett við slíka höfunda. Þess ber vel að gæta, að nöfn höfunda eru oft skammstöfuð í handritunum sjálfum. Eins eru oft mörg kvæði eftir sama mann í sama riti, en auðvitað ekki unnt að nefna nafnið nema einu sinni í lýsingu hvers bindis eða deildar í bindi. Yfirleitt ber og að *fylgja fremr nafnaskránni en lýsingu handrits*, ef í milli ber. Notöndum ber og vel að hyggja að því, að nota skal saman hvora tveggja skrána (efnisrá og nafnaskrá) jöfnu höndum, með því að þar eru sníðnar eftir handritunum sjálfum í handritálýsingunni. Menn hljóta að veita því athygli, að mörg handrit (og þá auðvitað líka sjálf handritálýsingin) nefna oft ekki höfunda, en aftr greina önnur handrit stundum nöfn þeirra. Þess vegna er ekki nægilegt að slá upp t. d. Jóni Þorsteinssyni úr Fjörðum eingöngu eftir nafnaskránni, ef menn vilja fá rimur hans, en ef einnig er slegið upp í rimum í efnisskránni, ætti að vera fulltryggt um handrit, sem hafa að geyma rimur. Eða (svo að útlent dæmi sé nefnt) ef menn vilja sjá t. d. þýðingar á islenzku á ritum eftir Thomas a Kempis, þá nægir ekki eingöngu að slá upp nafni hans í nafnaskránni; einnig ber að slá upp í efnisskránni, í *quðfræði*, t. d. riti hans „Eftirbreytni Krists“, með því að sum handritin fella niðr nafn höfundar. Sama máli gegnir um kvæði, að þótt höfundr sé greindr á sumum stöðum, er samt öruggast að slá upp í *kveðskapr* kvæðisnafninu, ef þar er að finna; en á þetta ofan er það alkunnugt, að handrit greina oft sitt á hvað höfunda kvæða, og verða þar könnuðir að meta. En það myndi tekið hafa mörg bindi að setja fram athugasir og röksemdir um slíkt efni. — Mannanöfnum er raðað að innlendum hætti um innlenda menn og þá, sem sökum langdvalar má telja innlenda (til hægðarauka, einkum útlendum fræðimönnum, eru menn og greindir eftir föðurnöfnum og ættarnöfnum, þannig að vísað er um innlenda menn þáðan í nöfn þeirra). Samnefndum mönnum að eigin nafni og föðurnafni er raðað upp eftir heimkynnum, en ekki eftir stétt og stöðu, en ef eigi er vítað heimkynni manna, þá er slíkur mönnum raðað upp framan við. — Notkun lykllanna að öðru leyti mun aðgætnum mönnum fljótlegra lærast.